

Fundur haldinn 29. október 2014 í Hermes Reyðarfirði kl. 14:00. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson (í síma), Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Aðalfundur SKA 2014
2. Fjárhagsáætlun SKA 2015- drög
3. Endurskoðun samnings A-deildar SKA
4. Ráðning kennsluráðgjafa
5. Önnur mál

1. Framkvæmdastjórn leggur til að aðalfundur verði haldinn föstudaginn 21. nóvember kl. 14:00 á Seyðisfirði.
2. Drög að fjárhagsáætlun lögð fram og rædd. Samþykkt að vísa henni til samþykktar aðalfundar.
3. Endurskoðun samningsins rædd og næstu skref. Hrönn Pétursdóttir hefur hafið störf við endurskoðun A-hluta samnings SKA og er væntanleg austur á morgun til fundar við fulltrúa aðildarsveitarfélaga. Framkv. stj. samþykkir kostnaðaráætlun við verkefni sem er áætlað allt að kr. 900.000,- og verður greitt með fjármunum SKA.
4. Forstöðumaður kynnti ráðningu Bjargar Þorvaldsdóttur í starf kennsluráðgjafa frá og með 1. janúar 2015. Framkvæmdastjórn samþykkir ráðninguna.
5. Önnurmál:
Forstöðumaður fylgdi nokkrum málum úr hlaði:
 - kynnti styrk úr samfélagssjóði Alcoa en Skólaskrifstofan sótti um styrk vegna innleiðingar á Byrjendalæsi í 10 grunnskólum á svæði skrifstofunnar. Styrkuppþæðin er kr. 500.000,- Fundarmenn fagna styrkveitingunni.
 - Forstöðumaður óskaði heimildar framkv.stjórnar um undirritun samnings við Miðstöð skólaþróunar HA vegna innleiðingar Byrjendalæsis fyrir hönd 10 grunnskóla á svæðinu. Samþykkt.
 - Forstöðumaður sagði frá að Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk mun fara af stað í flestum austfirskum skólum þetta skólaárið. Fræðslufundur verður 17. nóv.
 - Kynningarfundur verkefnisstjórnar vegna vinnuáætlunar grunnskólakennara sbr. kjarasamning, verður 19. nóv. í ME Egilsstöðum kl. 16:00-18:00.
 - Forstöðumaður sagði frá fundi í þjónustuhópi SKA frá 22.10.2014. Þar var m.a. fjallað um áhyggjur þjónustuhópsins vegna vöntunar á skammtímvistun fyrir börn og ungmenni. Einnig var sagt frá beiðni Fljótsdalshéraðs um leiðréttingu á launum starfsmanns sem starfar við málefni fatlaðs fólks hjá sveitarfélaginu. Leiðréttingin er skv. kjarasamningi. Þjónustuhópurinn tók ekki afstöðu til málsins á fundinum. Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs fylgdi málinu frekar úr hlaði og mun senda framkvæmdastjórnarmönnum gögn málsins til afgreiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson